



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Rangárþing ytra
Haraldur Birgir Haraldsson
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Suðurlandsvegur 1-3
850 Hella

Umhverfis- og skipulagssvið

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Reykjavík 2. desember 2020
MÍ202012-0015/ 6.09 / K.M.

Efni: Klettamörk, Rangárþingi ytra.

Kristinn Magnússon
Verkefnastjóri
kristinn@minjastofnun.is

Minjastofnun Íslands hefur mótttekið tölvupóst skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings ytra frá 10. nóv. s.l. þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu að deiliskipulagi lóðarinnar Klettamerkur.

Klettamörk er 12 ha lóð sem stofnuð var úr landi Maríuvalla. Í tölvupósti skipulags- og byggingarfulltrúa segir að tillagan hafi verið auglýst áður en vegna efnislegra breytinga á henni þurfi að auglýsa tillöguna að nýju. Deiliskipulagstillagan nær þó yfir sama svæði og áður og líkt og fyrri tillaga gerir þessi ráð fyrir að reistir verði 7 gistiskálar til útleigu á lóðinni auk íbúðarhúss.

Árið 2010 kom út skýrsla Fornleifastofnunar Íslands ses, *Aðalskráning fornleifa í Rangárþingi ytra. Áfangaskýrsla II. II. Bindi*. Í skýrslunni er m.a. gerð grein fyrir skráðum fornleifum í landi Helluvaðs en umrætt svæði er innan þeirrar jarðar. Engar fornleifar voru skráðar á svæðinu.

Minjastofnun Íslands hefur tvisvar áður veitt umsögn um tillögu að deiliskipulagi Klettamerkur. Með bréfum til sveitarfélagsins dags. 05.07.2019 og 23.10.2019. Þar kom fram að Minjavörður Suðurlands skoðaði svæðið á vettvangi á sínum tíma. Engar fornleifar fundust innan skipulagssvæðisins. Engar athugasemdir voru gerðar við skipulagstillöguna í fyrri umsögnum Minjastofnunar.

Minjastofnun Íslands gerir ekki athugasemd við tillögu að deiliskipulagi lóðarinnar Klettamerkur í Rangárþingi ytra eins og hún var kynnt stofnuninni með uppdrætti og greinargerð sem síðast var breytt 10. okt. 2020. Bent skal á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) sem hljóðar svo: *Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva*

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.